

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning	24/02/2011	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	Starfsleyfi, gildir til	01/02/2014
Heimilisfang	Strandvegi 28, Vestmannaeyjum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Fulltrúar fyrirtækis	Páll Scheving
Isat nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Fiskimjölsframleiðsla		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan tók við tæpum 45 þúsund tonnum árið 2010 og gekk vinnslan almennt vel án nokkura óhappa. Það sem af er þessu ári hefur verksmiðjan tekið á móti rúmum 20 þúsund tonnum og fimm þúsund tonn voru á leiðinni í land þegar eftirlit fór fram.

Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar meðal annars hafa verið sett upp ný soðkjarnatæki í viðbót við þau sem fyrir voru þannig að nýtingin á blóðvatni verður ennþá meiri og frárennslið þar af leiðandi hreinna. Einnig hefur lóðin næst verksmiðjunni norðanmegin og austan verið steypt þannig að af skapast meira hreinlæti sérstaklega þar sem lyftarar eru á ferð.

Síðasta eftirlit fór fram 24. febrúar á sl. ári. Eftirfarandi athugasemd var gerð í eftirlitsskýrslu:

Skila þarf mælingum á frárennsli frá vinnslu og heildarrennsli samhliða sbr. gr. 3.10 í starfsleyfinu. Á grundvelli þeirra skal áætla heildarlosun frá fyrirtækinu. Þessar mælingar eiga gerast árlega og þarf því að endurtaka þær næst þegar verksmiðjan er gangsett eins og segir til um í grein 4.2 í starfsleyfi.

Þessari athugasemd hafði ekki verið sinnt og hún því ítrekuð nú og veittur frestur til að skila niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí nk.

UMFANG EFTIRLITS

Að fundi loknum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar utandyra og teknar myndir. Allt var mjög snyrtilegt bæði inni verksmiðjunni og á athafnasvæði hennar utandyra.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Niðurstöðum frárennismælinga hefur ekki verið skilað inn.

Frávik frá: Grein 3.10 í starfsleyfi

Athugasemd 1:

Ein kvörtun vegna ólyktar frá verksmiðjunni barst til Umhverfisstofnunar á tímanum frá síðasta eftirliti. Strax var haft samband við verksmiðjustjóra.

Önnur atriði:

Bent er á að sbr. 3.19 í starfsleyfi skal skila inn TVN gildum til Umhverfisstofnunar og eru næstu skil 1. maí nk. Eyðublað fyrir þetta er á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is undir mengunarmál/mengunarvarnareftirlit.

Einnig skal tilkynna til Umhverfisstofnunar um gangsetningu og stöðvun verksmiðjunnar sbr. 1.5. í starfsleyfi.

Reykjavík, 21/09/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.